

Borgarhátíðir 2020 – 2022

Tillaga faghóps

Inngangur

Tíu hátíðir sóttu um að vera valdar borgarhátíð Reykjavíkur 2020 – 2022, þær eru:

- Hinsegin dagar
- Hönnunarmars
- Iceland Airwaves
- Jazzhátíð Reykjavíkur
- List án landamæra
- Lókal leiklistarhátíð
- Myrkir músíkdagar
- Reykjavík Dance Festival
- Reykjavík International Film Festival
- Stockfish

Samanlögð upphæð umsóknanna var 132 milljónir en til samanburðar þá fengu núverandi borgarhátíðir, Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Iceland Airwaves og RIFF, samanlagt 41 milljón árlega.

Faghópur um val á borgarhátíð 2020 – 2022 fundaði þrisvar sinnum; 9., 13. og 18. september, en vinnan fór þannig fram að hver las umsóknirnar og lagði mat á þær eftir sérstöku matsblaði sem gert var á grunni reglna um borgarhátíðir og samþykktar voru í borgarráði 4. júlí 2019. Síðan bar hópurrinn saman útkomu hvers og eins og komst að sameignlegri niðurstöðu.

Matsblaðið tók m.a. á eftirtöldum þáttum:

- hversu mikið hátíðin efldi menningu og mannlíf borgarinnar
- hversu opin hún er almenningi – aðgengileg og sýnileg
- hversu miklar alþjóðlegar tengingar hátíðarinnar eru
- hvort hátíðin uppfylli skilyrði um fagmennsku og gæði
- rekstrarlegt gegnsæi og góða stjórnunarhætti
- hvort hátíðin styðji við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- hvort hún stuðli að atvinnusköpun og -
- hversu mikil nýsköpun felist í henni og hvort hugað sé að umhverfisvernd.

Niðurstaða

Hinsegin dagar – 10 milljónir. Hinsegin dagar er einstakur viðburður; mannréttinda- og menningarhátíð sem fagnar sýnileika og baráttu hinsegin fólks á Íslandi. Hinsegin dagar er hátíð sem sannarlega styrkir ímynd Reykjavíkur sem mannréttindaborgar, og uppfyllir þess utan öll skilyrði sem sett voru í reglum um borgarhátíðir.

Hönnunarmars – 10 milljónir. Hönnunarmars uppfyllir ákaflega vel öll skilyrði sem sett voru í reglum um borgarhátíðir. Hönnunarmars er eina hátíðin í borginni sem beinir kastljósinu að hönnun og er gríðarlega mikilvæg fyrir íslenska hönnuði.

RIFF – 10 milljónir. Reykjavík International Film Festival eða RIFF hefur skapað sér nafn langt út fyrir landsteinana og hefur tekist að þróa afar verðmæt tengsl við lykilaðila innan kvikmyndageirans erlendis, sem sést best á þeim kvikmyndum og erlendum gestum hátíðin nær til landsins.

Iceland Airwaves – 10 milljónir. Iceland Airwaves er sú tónlistarhátíð sem hefur haft stærsta þýðingu fyrir aðgengi – og velgengni íslenskra hljómsveita og tónlistarmanna á erlendri grund. Hátíðin hefur farið í gegnum ákveðna fjárhagslega erfiðleika, en vonir standa til að með breyttu eignarhaldi sé hún komin í örugga höfn.

Þessar þrjár hátíðir hafa verið borgarhátíðir undanfarin þrjú ár og eru hver á sinn hátt mikilvægur hlekkur í að birta fjölbreytta menningu borgarinnar og styrkja þannig ímynd Reykjavíkur sem lifandi menningarborgar. Það er samdóma álit dómnefndar að þær eigi fullt erindi til að halda titlinum og samstarfinu við borgina áfram næstu 3 árin.

Þá er það einnig samdóma álit hópsins að tækifæri sé til að bæta við tveimur sterkum hátíðum, sem gegna lykilhlutverki innan sinna listgreina.

Myrkir músíkdagar 5 milljónir. Myrkir músíkdagar verður 40 ára árið 2020 og er þannig ein af elstu hátíðum landsins og sú eina sem beinir sjónum sínum að íslenskum samtímatónskáldum. Hátíðinni hefur, þrátt fyrir virðulegan aldur, alltaf tekist að vera framsækin og ögrandi og má kinnroðalaust halda fram að hún hafi skipt sköpum fyrir íslensk tónskáld og eigi ótvíræðan hlut í velgengni þeirra í dag.

Reykjavík Dance Festival 5 milljónir. RDF er ung hátíð en hefur tvímælalaust sannað mikilvægi sitt, sem sést best í ótrúlegri aukningu í gestatölum. RDF mikilvægur vettvangur fyrir sjálfstæða dansara og danshöfunda en sinnir einnig því mikilvæga hlutverki að teygja sig út úr samfélagi dansara og kynna greinina fyrir öðrum afar ólíkum hópum.

Samanlagt fengju þessar hátíðir 50 milljónir árlega.